# Fundargerð

162. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **2. júlí 2009 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

**Dagskrá :**

**1.** Erindi Hvammstangahallarinnar ehf.
**2.** Erindi Íslandspósts hf.
**3.** Erindi Kraftlindar ehf.
**4.** Erindi Ingvars H. Jakobssonar.
**5.** Erindi sveitarstjóra.

**Tekið á dagskrá:**

**6.** Erindi Guðmundar Stefánssonar og Unnar Jóhannsdóttur.
**7.** Erindi Verslunarminjasafns og Bardúsu.
**8.** Erindi Halldórs Svanssonar og Jóhönnu Elku Geirsdóttur.
**9.** Erindi Hrafnhildar Víglundsdóttur.

**Afgreiðslur:**

**1.** Ragnar Smári Helgason kt. 030781-5119, fyrir hönd Hvammstangahallarinnar ehf, sækir um leyfi til breytinga á innra skipulagi hallarinnar skv. teikn. Þorgeirs Þorgeirssonar arkitekts kt.240657-5469, hjá teiknistofunni A2 Arkitektur ehf kt.630306-1240. Erindinu frestað þar sem ekki liggur fyrir samþykki Brunamálastofnunar.
**2.** Pétur Einarsson, fyrir hönd húsfélagsins Lækjargötu 2, Hvammstanga, sækir um leyfi til að fjarlægja reykháf á húseigninni að Lækjargötu 2. Erindið samþykkt.
**3.** Börkur Ólafsson 150249-2289, fyrir hönd Kraftlindar ehf. kt.601206-0480, sækir um stöðuleyfi fyrir 2-3 vinnuskúra á lóð nr. 32 við Höfðabraut á Hvammstanga. Leyfi er veitt til 1. október.
**4.** Ingvar H. Jakobsson kt. 150351-3759, sækir um leyfi til að byggja tvær geymslur á Ytri-Árbakka, lnr. 144447, einnig sækir hann um leyfi fyrir breyttum teikningum á íbúðarhúsi á sama stað. Erindi þetta er samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
**5.** Erindi frá byggðaráði þar sem óskað er umsagnar skipulags- og umhverfisráðs vegna óskar Hesteigendafélags Hvammstanga um beitarafnot af landsspildu ofan skógræktargirðingar í landi Kirkjuhvamms, milli Nyrðri- og Syðri-Hvammsár. Einnig fer nefnt félag fram á að fá beitarafnot af Vallartúni er liggur milli Eyrar og smábýlalóða. Erindinu frestað.

**Tekið á dagskrá:**

**6.** Guðmundur Stefánsson kt.171154-3409, sækir um leyfi til byggingar sumarhúss á landi sínu Lækjamót land, lnr. 217401. Teikningar eru unnar af Sveini Valdimarssyni hjá verkfræðistofunni Mannvit nr. A101, A102 og A103 Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki Skipulagsstofnunar.

**7.** Sandra Granquist kt. 010779-2009, fyrir hönd Verslunarminjasafns og Bardúsu, sækir um leyfi til að endurnýja skilti í landi Syðsta-Óss, gegnt vegamótum Hvammstangavegar og Þjóðvegar 1. Leyfi er veitt til tveggja ára, enda liggur samþykki landeigenda fyrir.

**8.** Halldór Svansson kt. 140955-2649 og Jóhanna Elka Geirsdóttir kt. 280256-4129, sækja um leyfi til að byggja einbýlishús að Efri- Þverá lnr.144528, í Vesturhópi, skv. teikningum frá Sveini Ívarssyni arkitekt dags. 30.júní 2009.. Erindið samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

**9.** Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir kt.160878-3989 sækir um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám á lóð sinni við Árbakka lnr. 210529 í Víðidal. Stöðuleyfi er veitt til eins árs.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 17:50
Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),
Jóhannes Erlendsson(sign.),
Erla Björg Kristinsdóttir(sign)
Víglundur Gunnþórsson(sign)
Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign),
Pétur Arnarson slökkviliðsstjóri(sign)